

Forspil
Lítu sérhvert sólarlag
Bragi Valdimar Skúlason

Signing og bæn

Sunnan yfir sæinn breiða
sumarylinn vindar leiða.
Draumalandið himinheiða
hlær - og opnar skautið sitt.
Vorið kemur, heimur hlýnar,
hjartað mitt !

Gakk þú út í græna lundinn,
gáðu fram á bláu sundin.
Mundu, að það er stutt hver stundin,
stopult jarðneskt yndi þitt.
Vorið kemur, heimur hlýnar,
hjartað mitt !

Alt hið liðna er ljúft að geyma
- láta sig í vöku dreyma.
Sólskinsdögum síst má gleyma,
segðu engum manni hitt !
Vorið kemur, heimur hlýnar,
hjartað mitt.

Valgeir Guðjónsson / Jóhannes úr Kötlum

Ritningarlestur



Í bljúgri bæn og þökk til þín,
sem þekkir mig og verkin mín.
Ég leita þín, Guð leiddu mig
og lýstu mér um ævistig.

Ég reika oft á rangri leið,
sú rétta virðist aldrei greið.
Ég geri margt, sem miður fer,
og man svo sjaldan eftir þér.

Sú ein er bæn í brjósti mér,
ég betur kunn þjóna þér,
því veit mér feta veginn þinn,
að verðir þú æ Drottinn minn.

Ritningarlestur

Þegar ég leystur verð þrautunum frá,
þegar ég sólfagra landinu á
lífi og verð mínum lausnara hjá
það verður dásamleg dýrð handa mér.
Dásöm það er dýrð handa mér
dýrð handa mér, dýrð handa mér,
er ég skal fá Jesú auglit að sjá
það verður dýrð, verður dýrð handa mér.

Og þegar hann, sem mig elskar svo heitt,
indælan stað mér á himni 'hefur veitt,
svo að hans ásjónu 'eg augum fæ leitt
það verður dásamleg dýrð handa mér.
Dásöm það er dýrð handa mér...

Ástvini sé ég, sem unni ég hér,
árstraumar fagnaðar berast að mér;
blessaði frelsari, brosið frá þér,
það verður dásamleg dýrð handa mér.
Dásöm það er dýrð handa mér...

C. H. G. Redhberg / L. Halldórsson

Guðspjall

Þar sem Dyrfjöllin dulúðug standa
dvínar öldunnar niður við Sand.
Bugðast Selfjótíð blátt milli landa.
Berast kveðjur af fjalli til hafs
Þar sem heiðin og himininn mætast
hrópar Fjallkonan örvandi róm.
Þar sem vonir og væntingar rætast,
vekur mannvit og manntak manndóm.

Þar sem fólkið í friði og næði
fögnuð sækir í sveitanna líf.
Þar sem laufskógur lundina græðir
ofar Úthéraðs framtíðarsýn.
Þar sem heiðið og hamingjan ræður
-hugur leitar í ódáinsreit-
Nú við stöndum hér saman sem bræður
styrkum anda í Útmannasveit.

Sam C. Hart / Pétur Guðvarðarson

Minningarorð

Hærra, minn Guð, til þín,
hærra til þín,
enda þótt öll sé kross
upphefðin mín.
Hljóma skal harpan mín:
∴ Hærra, minn Guð, til þín, ∴
hærra til þín.

Sofanda sýndu þá
sólstigans braut
upp í þitt eilífa
alföðurskaut.
Hljómi svo harpan mín:
∴ Hærra, minn Guð, til þín, ∴
hærra til þín.

Lyfti mér langt í hæð
lukkunnar hjól,
hátt yfir stund og stað,
stjörnur og sól,
hljómi samt harpan mín:
∴ Hærra, minn Guð, til þín, ∴
hærra til þín.

Adams / Matthías Jochumsson

Miskunnarbænir og fæðir vor

1 *Langur dagur að kvöldi kominn er
kærar minningar ylja okkur hér.
Okkur kenndir það lífsins leyndarmál
að lífsgleðin er sótt í einni sál.*

2 *Þá á stóru brimskafli og boðaföll
sem buldu á, þú tókst á við þau öll.
Á æviskeiðinu lagðir mörgum lið
nú loks þú hvílist, öðlast ró og frið.*

3 *Þitt Sólarlag, svo er komin nótt
Þitt Sólarlag, þú hvílir vært og rótt
Þitt Sumarland, bjart nú bíður þin
Þitt Sumarland, bæna þinna sýn.*

4 *Senn vaknar þú á björtum betri stað
sem bíður þín, þú sagðir okkur það.
Þar læknast allt sem áður þjáði þig
þú ert komin á nýtt tilverustig.*

5 *Við söknum þín en vitum það víst öll
að vegurinn í þína draumahöll
liggur beinn, þar brosir allt þér við
brátt þar finnur vini þér við hlið.*

6 *Þitt Sólarlag, svo ris sólin hlý
Þitt Sólarlag, við tekur veröld ný
Þitt Sumarland, sem að þráðir þú
Þitt Sumarland, sem þig faðmar nú.*

Jón Ingi Arngrímsson



Moldun

*Blessuð sértu, sveitin mín,
sumar, vetur, ár og daga.
Engið, fjöllin, áin þín,
yndislega sveitin mín,
heilla mig og heim til sín
huga minn úr fjarlægð draga.
Blessuð sértu, sveitin mín,
sumar, vetur, ár og daga.*

*Yndislega ættarjörð,
ástarkveðju heyr þú mína,
þakkarklökkva kveðjugjörð,
kveð ég líf þitt, móðir jörð.
Móðir bæði mild og hörð,
mig þú tak í arma þína.
Yndislega ættarjörð,
ástarkveðju heyr þú mína.*

*Faðir lífsins, faðir minn,
fel ég þér minn anda' í hendur.
Foldin geymi fjötur sinn.
Faðir lífsins, Drottinn minn,
hjálp mér í himin þinn
helgur máttur, veikum sendur.
Faðir lífsins, faðir minn,
fel ég þér minn anda' í hendur.*

*Sigurður Jónsson
frá Arnarvatni*

Blessun

Eftirspil

Fjölskyldan þakkar auðsýnda samúð og vinarbug.



Guðmar Arnar Ragnarsson

Fæddur 22. september 1933

Dáinn 12. apríl 2021

*Útför frá Egilsstaðakirkju
föstudaginn 23. apríl kl. 14:00*

Prestur: sr. Sigríður Rún Tryggvadóttir

Hljóðferaleikur: Hafþór Valur Guðjónsson og Andri Bergmann

Söngur: Hafþór Valur Guðjónsson, Tinna Björk Guðjónsdóttir og Andri Bergmann